

1872.

6. nóvbr.

Þessi reglugjörð öðlast gildi 1. jan. 1873, og skal innan ársloka 1877 endurskoðuð.

6. nóvbr.

### 107. Bréf dómstjórinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um byggingu fangelsa þar í umdæminu.

Í bræfi, dagsettu 11. júním. 1870, hafði þér, herra amtmáður, eftir undirlagi stjórnarráðsins látið uppi álit yðar um stærð og fyrirkomulag þeirra tveggja fangelsa, sem á að byggja í vesturumdæminu; eftir að vör þarnæst útaf þessu bræfi yðar höfðum leitað álits stiptamtannsins yfir Íslandi, og ráðgæzt við forstjóra fangelsisstjórnarinnar, hefir timburmeistari *Klentsz*, sem tókst á hendur að byggja hegningarhúsið í Reykjavík, eftir áskorun dómstjórinnar samið tvær áætlanir, sem fylgja með bræfi þessu, um byggingu fangelsis á borð við þau, sem hér er verið að ræða um, og um kostnaðinn við það, og þykist hann geta byggt hvort fangelsi fyrir 3805 rd. 64 sk. eftir áætlun þeirri, sem merkt er A, og fyrir 3819 rd. 26 sk. eftir þeirri áætlun, sem merkt er með stafnum B; skuli í hvoru fangelsi vera 4 klefar, af sömu stærð og klefarnir í hegningarhúsinu, varðstofa handa þeim manni, sem fyrir hönd sýslumanns á að hafa beinlínis umsjón með föngunum, rúm til eldiviðar og áhalda, og þar að auki fangagærdar með kömrum. Þótt stjórnarráðið fyrir sitt leyti sè helzt á því, að kjósa áætlun þá, sem merkt er A, vegna þess að fangelsisklefarnir eftir henni liggja að öllu leyti sèr, — en það þykir þeim mun fremur áriðandi sökum þess, að búast má við, að umsjónin verði eigi svo tryggjandi, sem æskilegt væri í sjálfu sèr —, er það samt í nokkrum efa um, hvort byggingarlag það, sem stungið er uppá, sè hagfellt eftir loptslagi á Íslandi — en samkvæmt því verða þrír veggir á klefunum útveggir — og hvort komizt verði að öllu leyti hjá annmörkum þeim, sem búast má við í þessu tilliti, með því, að veggirnir verði hafðir tvöfaldir, og látið á milli papp, eins og timburmeistari *Klentsz*

hefir stungið uppá og álitur fullkomlega tryggjandi, en það er sjálfsgagt, að setja ofn í hvern klefa.

1872.

6. nóvbr.

Að því leyti, er snertir kostnaðinn við byggingu fangelsanna, skal þess getið, að stjórnarráðið hefir í hyggju, þegar fjárhags-áætlun Íslands verður gjörð, að útvega jafnaðarsjóði amtsins að láni úr landssjóðnum fê það, sem með þarf, með þeim skilmálum, að borgaðir verði 4 af hundraði í vöxtu á ári hverju og  $\frac{1}{15}$  uppi innstæðuna á þeim 15 árum, sem þá fara í hönd, en áður en ályktun verður gjörð um þetta efni, mælumst vèr til, að þèr segið álit yðar bæði um áætlanirnar um fangelsin og um það, hvort þèr með vissu álitíð, eptir að þèr hafið borið yður saman um það við menn, sem vit hafa á því, að íslenzkir handiðnamenn að öllu leyti sè vel færir um að byggja fangelsin, og hvort spara megi fê með því, svo nokkru muni.

Fylgiskjölín mælumst vèr til að fá aptur með svári yðru.

### 108. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu, um byggingu fangelsa þar í umdæminu.

6. nóvbr.

Eptir að dómsmálastjórnin hafið gefið stiptamtmaninum yfir Íslandi tækifæri til að kynna sèr álit það, sem amtið hafði látið uppi um stærð og fyrirkomulag þeirra fangelsa, sem byggja á í norður- og austur- umdæminu, hefir verið ályktað, að láta byggja þar þau 3 fangelsi, sem nefnd eru í tilskip. 4. marz 1871, og hafa 4 fangaklefa í hverju, og var jafnframt ráðgagt um þetta við forstjóra fangelsisstjórnarinnar. Eptir áskoron dómsmálastjórnarinnar hefir síðan timburmeistari *Klentz*, sem tókst á hendur á byggja hegningarhúsið í Reykjavík, samið tvær áætlanir — — —. (Bréf þetta er að öðru leyti samhljóða bréfinu á undan).